



Stjórnarfundur DSÍ 20. mars 2024 kl. 21:20 Haldinn í íþróttamiðstöðinni í Laugardal, aðstöðu DSÍ.

Mættir: Helga Björg Gísladóttir formaður, Atli Már Sigurðsson, Kara Arngrímsdóttir mætti kl. 21.25, Árni Sigurgeirsson, Þórunn Anna Ólafsdóttir og Svava H. Friðgeirsdóttir

Forföll: Ólafur Már Hreinsson

Gestir: Engir gestir

1. Erindi frá DÍK

Óskað var eftir því að dansparið sem lenti í 4 sæti á Íslandsmeistaramótinu í latin í flokki Unglinga II fái sæti í landsliði DSÍ þar sem að parið í 3ja sæti er hætt að dansa saman.

Ákveðið að biðja um tillögu frá landsliðsnefnd varðandi breytingar á vali í landsliðsnefnd. Formaður hefur samband við landsliðsnefnd.

2. Fundargerð frá fundi með Vésteini og Kára – styrktarmál

Fundargerð frá fundi Bergrúnar Stefánssdóttur, og Davíðs Stefánssonar formanni landsliðsnefndar DSÍ með Vésteini Hafsteinssyni og Kára Steini Reynissyni send á stjórn fyrir fund. Umræður voru um fundargerðina.

Ljóst er að DSÍ verður að setja pening í landsliðsstarfið og ferðir.

Afrekssjóður styrkir nú ekki Unglinga II og Ungmenni þar sem að forsendur fyrir styrk eru breyttar. „Astæðan fyrir að ekkert er úthlutað úr Afrekssjóði vegna þátttöku í HM/EM í flokkum unglingsar II né ungmennum er þar sem ekkert íslenskt par hefur náð top 16 í EM/HM á síðustu tveimur árum.

Nýjar reglur Afrekssjóðs frá í nóvember setja því ákveðið strik í landsliðsferðir og þarf því að skoða aðrar leiðir til að fjármagna frekar starfið.

3. Landsliðstreyjur

Afgreiðslu málsins frestað vegna vendinga í fjárveitingu frá Afrekssjóði.

4. Dansþing

Samþykkt að stefna á 15. maí 2024. Athuga þarf með fundarstað áður en hægt er að auglýsa ársþingið.

5. Fyrirspurn frá nema í Kvikmyndaskólanum

Fyrirspurn kom frá nema í Kvikmyndaskólanum um að fá að taka upp myndefni á mótinu 21. apríl nk. Ljóst er að ekki er svigrúm að taka upp senur á gólfí á meðan á keppni stendur bæði vegna þróngs tímaramma og persónuverndar. Kara mun hafa samband við nemann og fara yfir umfangið á verkefninu áður en ákveðið er með framhaldið.

6. Önnur mál

- a) Númer á dansara á dansmótum. Ákveðið að skoða hvort hægt er að minnka númerin og mögulega efnisgerð merkingar.
- b) Verðlaun á mótm. Ákveðið að kanna hvort hægt er að gera magninnkaup á verðlaunapeningum og bikurum.

Fleira ekki tekið fyrir

Fundi slitið kl. 22.55

Fundagerð ritaði Svava Halldóra Friðgeirs dóttir